



18 janúar 2008  
1/2008

## **Viðbót við tilmæli varðandi aðferð við útreikning dagvísitalna neysluverðs og lánskjara**

Tilmæli þessi varða meðhöndlun verðtryggingar í febrúar 2008 og eru viðauki við tilmæli Kauphallarinnar varðandi aðferð við útreikning dagvísitalna neysluverðs og lánskjara sem birt voru 31. maí 2007. Tilefnið er minnisblað sem Hagstofa Íslands sendi frá sér þann 12.nóvember 2007 en þar stendur „vísitalan samkvæmt gamla laginu verður birt í síðasta sinn 14.janúar“.<sup>1</sup>

Líkt og segir í tilmælum þá hefur það tíðkast hérlendis að notast við gildi vísitalna neysluverðs og lánskjara sem Hagstofa Íslands hefur birt á milli 10. og 15. dags hvers mánaðar til útreiknings á dagvísitölum þá daga sem eftir lifa í viðkomandi mánuði. Fyrir þann tíma eða frá fyrsta hvers mánaðar fram að birtingu nýs gildis hafa markaðsaðilar notast við skammtímaspá Seðlabanka Íslands við ákvörðun dagvísitölnunnar.

Hagstofan mun 29. janúar nk. birta vísitölu neysluverðs og lánskjara sem gilda til verðtryggingar 1. mars. Í febrúar verður því hægt að hætta notkun spágilda og byggja útreikning dagvísitalna eingöngu á raungildum sem verða þekkt í byrjun mánaðarins, þ.e. annars vegar því gildi sem kom út þann 14.janúar síðastliðinn og gildir fyrir 1.febrúar og hins vegar því gildi sem kemur út þann 29 janúar og gildir fyrir 1. mars.

Kauphöllin mælist því til þess að markaðsaðilar notist við raungildi þessi við útreikning dagvísitalna til verðtryggingar allan febrúarmánuð en notist þó áfram við ólínulega brúun eins og hingað til þangað til tilmæli varðandi aðferð við útreikning dagvísitalna sem Kauphöllin gaf út 31. maí 2007 taka gildi þann 1.mars 2008.

Vinsamlegast hafið samband við Finnboga Rafn Jónsson ([finnbogi.jonsson@omxgroup.com](mailto:finnbogi.jonsson@omxgroup.com), s 525-2852) sé nánari upplýsinga óskað.

---

<sup>1</sup> Minnisblað Hagstofu Íslands má sjá hér: <http://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6998>